

Þjálfarafyrirlestur með Pálmari Ragnarssyni

Laugardaginn 3. mars kl. 15:00 í Hettunni

Pálmar Ragnarsson fjallar um aðferðir í jákvæðum samskiptum við börn og unglinga á íþróttæfingum sem vakið hafa mikla athygli. Lögð er áhersla á góðar móttökur, að öll börn upplifi sem þau skipti jafn miklu máli í hópnum, hvatningu og aðferðir við að hrósa, mikilvægi þess að ná uppi góðum aga og fleira. Markmiðið er að þjálfarar geti nýtt sér ýmsa punkta úr fyrirlestrinum til að auka ánægju, vellíðan og áhuga iðkenda sinna.



Pálmar hefur haldið fyrirlestra fyrir hönd ÍSÍ, UMFÍ og á eigin vegum um aðferðir í samskiptum fyrir fjölmörg íþróttafélög og skóla. Hann er einn af þátttakendum verkefnis ÍSÍ og UMFÍ „Sýnum Karakter“ sem snýr að þjálfun andlegra þátta í íþróttum. Pálmar var einn af þáttastjórnendum Íþróttalífsins á RÚV og umsjónarmaður Meistaramánaðar.